



AGNIÐ

Fréttabréf SVH

Apr 2009

3. tbl. 16. árg.

Meðal efnis:

Lokahófið

- *Upplýsingar um hvenær á að mæta*

Hreinsun í Hlíð

- *"Hvar og hvenær" !!*

Uppskriftn

- *Jú hún er á sínum stað*

Uppfærsla á félagaskrá

- *Upplýsingar um það í blaðinu*

Veiðigæði

- *Fjöllum áfram um þau mál*

Hlíðarvatn og haustið

- *Skemmtilegur og fræðandi pistill*

Takið Eintak

Myndin hér til hliðar:

Það var góð mæting þegar við fengum Viðar Egilsson frá Gallerí flugur í heimsókn til að sýna hnýtingar.



Við minnum á:

Lokahófið okkar - upplýsingar á bls.: 10

Hreinsunarhelgin við Hlíðarvatn - upplýsingar á bls.: 11



INTERSPORT

Húsgagnahöllinni sími. 585 7239
Lindum Skógarlind 2 sími. 585 7260


VEIÐIDEILD



Formaðurinn

Gleðilegt vor ágætu félagar! Já það er kannski ekki hefð fyrir þessu orðalagi, en ég get ekki stillt mig, en mér finnst vera vor í lofti og gleðst innra með mér því þá styttist í fyrstu veiðiferðina, hjá mér eins og vonandi flestum ykkar líka.

Nú hillir undir lok vetrarstarfsins okkar og styttist óðum í lokahófið "kvöldið fyrir sumardaginn fyrsta" en þá fjölmenna allir og taka með sér gesti. Við fáum góðan gest frá Veiðimálastofnun - Suðurlandi, Magnús Jóhannsson sem ætlar m.a. að fræða okkur um flundruna í Hlíðarvatni og verður það án efa fróðlegt, en ýmislegt válegt er



að koma í ljós með þennan nýbúa sem gerir hann ekki að neinum aufúsugesti!! Svo verður auðvitað happadrættið á sínum stað og fjöldi góðra vinninga í boði eins og alltaf, en ekki síst snýst þetta kvöld um það að veiðimaður er veiðimanns gaman.

Ef við lítum um öxl og förum yfir félagsstarfið í vetur má sjá að það var blómlegt, vel mætt á opin hús og fyrirlestra. Aðsókn í veiðileyfi var góð, heldur betri en í fyrra, þó átti ég von á meiri sókn í Hlíðarvatnið miðað við þróun verðlags á veiðileyfum og efnahag landsmanna almennt, félagar tóku lítið við sér í framboði á nýjum veiðisvæðum og virðist erfitt að átta sig á því hvað menn vilja í þeim efnum, helst að ágætlega væri sótt í silungsvæði Andakílsár, sem við buðum uppá annað árið í röð í samstarfi við góða féлага okkar í Stangaveiðifélagi Akraness, en við látum ekki deigan síga og höldum áfram að finna ný svæði. Annars var ég að glugga í stórskemmtilega bók veiðimannsins Ragnars Hólms, Fiskar og menn sem kom út árið 2003, en þar varpar hann upp þeirri hugmynd að litlu stangaveiðifélagin sameinist öll og myndi þannig öflugan slagkraft til að bjóða saman í veiðisvæði sem ella væru of stór og dýr fyrir hvert og eitt þeirra. Þetta er athygliverð hugmynd, því undanfarin ár hefur þróunin verið sú að litlu félagin mega sín lítils gegn fjársterkum einkaaðilum sem hafa leyst til sín fjölda vatnasvæða, oft á tíðum á verðlagi utan allra skynsemismarka, og stangaveiðifélagin geta lítið boðið þúsundum félagsmanna sinna annað en þá mola sem af borðinu falla, sem er auðvitað bara súrt. Við höfum mátt horfa vanmáttug á stórfyrirtæki og erlenda auðmenn fleyta rjómann af þessari íslensku auðlind, hver svosem þróunin næstu ár kann að verða. Draumurinn er að það komist á eitthvert jafnvægi, og hinn almenni íslenski veiðimaður eigi þess amk jafnan kost að kaupa veðileyfi í þessum fallegu ám. Til þess að svo megi verða þurfa margir að sætta sig við að missa spón úr aski sínum, eigendur veiðiréttar eru þar ekki undanskildir og ættu eftv. að hugsa dæmið uppá nýtt. Hvernig væri að leggja meira uppúr góðri umgengni um auðlindina, hóflegan afla og stangarfjölda og gleyma ekki því að komandi kynslóðir okkar íslendinga fái einnig notið hennar?? Jæja það má rausa endalust um þetta, en þegar allt kemur til alls mun þetta að lokum verða að lúta lögmálum markaðarins um framboð og eftirspurn, við getum bara vonað að sú þróun verði okkur, hinum almenna veiðimanni til góðs.

Framundan eru svo vorverkin, hreinsunarhelgin í Hlíðarvatni síðustu helgina í apríl (sem er reyndar gott dæmi um góða umgengni við auðlindina), við höfum ákveðið að standa ekki í neinum stórræðum þetta vorið, höfum svosem verið dugleg þar undanfarin ár, nú tínum við ruslið, fáum okkur kjötsúpu og förum svo út að veiða!!

Við eigum eftir að ákveða hvað við gerum í Djúpatvatni, það ræðst af ýmsu og við munum auglýsa það vel í maíblaðinu, vænti ég þess að félagar liggi ekki á liði sínu og mæti þar galvaskir.

En þangað til, góða skemmtun og við sjáumst hress á lokahófinu.

Mbkv. Hansi

Uppskriftin

Silungur með spínat smjöri - úr bókinni "Irish Traditional Cooking"

Hráefni:

2 bleikjur heilar
nýmalaður pipar
salt
50 gr smjör
4 greinar af fersku
fennel
álpappír

Aðferð:

- Hreinsaðu bleikjurnar vel, sérstaklega innan úr þeim og þurrkaðu vel
- Kryddaðu bleikjurnar að innan með salti og pipar
- Settu fennel og hluta af smjörinu inn í bleikjurnar
- Smyrðu miðjuna á tveim örkum af álpappír með smjöri
- Leggðu bleikju á hvora fyrir sig og pakkaðu þeim vel inn í álpappírinn þannig að ekkert komist út af safi (soði)
- Settu á bakka í 190° heitan ofn og bakaðu í ca 30 mínútur
- Meðan bleikjurnar bakast er gott að útbúa spínat smjörið
- Fjarlægðu stilkana úr spínat blöðunum og sjóðið blöðin í ca hálfum lítra af vatni í 4-5 mín með smá salti
- Hellið vatninu af og setjið á grind til að þorna, saxið síðan smátt
- Setjið rjómann í pott og látið "sjóða niður" við vægan hita

- Setjið síðan smjörið smátt og smátt úti og hrærið mjög vel
- Þegar það er komið, setjið þá spínatið úti
- Þegar fiskurinn er tilbúinn, takið hann út úr ofninum og setjið einn pakka á disk, opnið pakkana en passið að soðið fari ekki úr
- Berist síðan fram með spínat smjörinu og soðnum kartöflum

Allt hráefnið fæst í Fjarðakaupum



FJARÐARKAUP

Verzlun Veiðimannsins

Á Íslandi má fi nna bæði evrópskan og amerískan ál..... og blöndu af báðum !

Hlíðarvatn á haustin

Mig hefur lengi langað til að sjá meiri sókn í Hlíðarvatnið síðsumars og á haustin, en það er staðreynd að vatnið er ekki síðra til veiða þá en í maí og júní, en sú mýta er í gangi að þá sé endilega best að veiða þar. Ég segi mýta því þeir sem þekkja vel til Hlíðarvatns vita vel að vatnið er frábært á haustin, von getur verið um góðan afla ekki síðri en fyrripart sumars, þótt eftv. þurfi að bera niður annarstaðar við vatnið og beita öðrum aðferðum. Ég ætla að birta hér með leyfi Árna Árnasonar í Stakkavík úrdrátt úr veiðistaðalýsingu sem finna má á heimasíðu Árvíkur (www.arvik.is) og vil ég hvetja menn til að fara á síðuna og lesa þann fróðleik allan um Hlíðarvatnið en hann má finna undir flípanum "veiðistaðalýsingar";

"Telja má líklegt að sókn ráði miklu um afla hvers sumars úr vatninu. Veiðileyfi hafa verið ódýr, þótt þau séu eftirsótt, sérstaklega fyrri hluta sumars. Anríki í atvinnulífi og vont veður hafa e.t.v. stundum orðið þess valdandi að menn hafa ekki nýtt leyfi sín. Ég hef iðulega verið einn við vatnið á liðnum uppgangsárum þó að ekkert væri að veðri. Sérstaklega er áberandi að veiði í september hefur fallið mjög niður vegna lítillar sóknar. Þó er þessi tími oft ágætur til veiði en þá gengur bleikjan í torfum með ströndinni. Þótt hrygningarfiskurinn taki ekki alltaf vel er geldfiskur í ætisleit innan um sem oft tekur vel."

Á heimasíðu Árvíkur má einnig finna frábæra veiðistaðalýsingu eftir Ragnar Hólm, þar sem hann lýsir helstu veiðistöðum við Hlíðarvatn og endar pistillinn á þessari skemmtilegu frásögn af haustveiði, sem vel að merkja er ekki síður áhugaverð fyrir Hlíðarvatnsunnendur og pistillinn allur nánast skyldulesning;

"Svartir flekkir af bleikju

Það er margt skrýtið í kýrhausnum og ekki síður í veiðiskapnum. Ég hélt að þessari vertíð væri lokið þegar ég átti óvænt kost á að skjótast í Hlíðarvatn í byrjun október. Eins og svo oft áður hafði verið ákveðið að framlengja veiðina þar um hálfan mánuð og mér höfðu borist til eyrna sögur af mikilli veiði. Ákveðið var að renna suður eftir og kanna málið.

Rétt er að taka fram áður en lengra er haldið að félagi Kolbeinn Grímsson hefur verið óþreytandi við að segja mér sögur af ótrúlegri haustveiði í Hlíðarvatni hér á árum áður. Þá voru leyfin í september einna eftirsóttust og menn stóðu þétt saman undir hlíðinni, á Mölinni, við Hjalltangann og í Urðarvíkinni, og mokuðu upp geldfiski.



Um 105 þús. manns stunda stangaveiði á Íslandi, eða um þriðjungur þjóðar. !

Hlíðarvatn á haustin framh.

Nokkrum sinnum á síðustu árum höfum við Kolbeinn farið í Hlíðarvatn að hausti til að upplifa ævintýrið en alltaf farið tómhentir heim. Raunar hafa eldri menn haldið því fram að laxinn hafi spillt haustveiðinni og splundrað torfum sem í gamla daga lágu nærri landi á haustmánuðum. Fyrir fjórum árum sá ég sjálfur nokkra laxa djöflast í lausu lofti í Urðarvíkinni í september. Þetta var kannski ein ástæðan fyrir því að girt var fyrir ósinn til að laxinn kæmist ekki í vatnið, enda eru þetta tæpast náttúruleg heimkynni hans.

Og þar sem haustveiðin hefur brugðist gjörsamlega á undanförunum árum hafa Ármenn verið latir við að sækja vatnið í september. Sókn hefur verið lítil og veiði þar af leiðandi líka. Mér segir svo hugur að þetta eigi eftir að breytast svo um munar.

Nú vorum við Kolbeinn sem sagt lagðir af stað í Hlíðarvatn á köldum haustdegi ásamt Hannesi Jóhannssyni. Á leiðinni hlustaði ég hæglátur á Kolbein segja Hannesi tröllasögur af haustveiðinni en ég verð að játa að eftir nokkrar fýlufærðir undanfarin ár var ég fullur efasemda.

Þegar við komum loks á Innranef og horfðum út yfir vatnið var mér hins vegar öllum lokið. Ég varð agndofa og átti bágnt með að trúá eigin augum. Annað eins hafði ég aldrei séð. Þarna rétt undan landi voru svartir flekkir af bleikju. Torfurnar voru að minnsta kosti þrjár og vel í kastfæri. Enda fór það svo að við fengum um 30 stykki og hefðum vel getað veitt miklu meira. En Ármenn eru hófsamir í veiði.

Auðvitað sagði Kolbeinn satt. Haustveiðin í Hlíðarvatni getur verið algjört ævintýri, eða eins og Kolbeinn orðar það gjarnan sjálfur: "Þeir sögðu það gömlu mennirnir og þeir vissu nú hvað þeir sungu." "

Ég set þetta hér í blaðið til hvatningar og áréttta það sem hér hefur komið fram að dræm haustveiði í Hlíðarvatni undanfarin ár stafar líklega mun frekar af lítilli sókn en því að "fiskurinn sé ekki við".

Loks langar mig að geta þess að unnið er að því að hefta för flundrunnar í Hlíðarvatn, en það er leigutakinn Stakkavík sem hefur veg og vanda að því verkefni og veit ég að margir bíða spenntir eftir því að sjá hvernig takast mun til, meiningin er að gera stíflu við brúarstöpla væntanlegar brúar þar sem nýr Suðurstrandavegur mun liggja yfir ós útfallsins úr Hlíðarvatni og fer hér á eftir lýsing á verkefninu;



Talið er að stangaveiðimennskan á Íslandi velti um 12 milljörðum króna. !

Hlíðarvatn á haustin framh.

"Ætlunin er að stíflan verði gerð með flekum sem megi fjölga til að hækka stífluna. Flekarnir verða hins vegar lausfestir þannig að þá megi auðveldlega fjarlægja. Brúarstæðið er það miklu neðar en yfirborð Hlíðarvatns að stíflunni má koma fyrir án þess að það hafi áhrif á yfirborð Hlíðarvatns. Framkvæmdir yrðu í samráði við ábúendur á Vogsósum en þeim er umhugað að ekki hækki í vatninu við stífluna. Biskupsstofa, sem fer með eignir Strandarkirkju, gerir ekki athugasemdir við þessa framkvæmd. Framkvæmdin er mikið áhugamál stangaveiðifélaganna sem hafa aðstöðu við vatnið.

Markmiðið með gerð fyrirstöðunnar er að hefta för flundru úr sjó í Hlíðarvatn. Flundra er sem kunnugt er nýlegur landnemi við Ísland og kann að hafa borist hingað með kjölvatni flutningaskipa. Flundran hrygnir í sjó en sækir upp í ferskvatn til ætisöflunar. Flundran er í samkeppni við bleikjuna um æti og étur einnig seiði hennar og hrogn.

Tilgangurinn með fyrirstöðunni er því að verja búsvæði laxfiska og koma í veg fyrir skaða á lífríki í vatninu sem er eitt meginmarkmið laga um lax- og silungsveiði. Með fyrirstöðunni er þess vænst að flundran komist ekki upp í vatnið. Fyrirstaðan á hins vegar ekki að hindra för flundrunnar úr vatninu í sjó. Magnús Jóhannsson hefur unnið að rannsóknum á flundru í vatninu undanfarin ár þannig að nokkur vitneskja er til um æti hennar og hegðun í vatninu.

Bleikjan í Hlíðarvatni er hins vegar nánast algjörlega staðbundin. Á árinu 1997 voru gildir til staðar í affallinu til að varna för laxa sem viltust úr laxeldi upp í vatnið. Á tímabilinu máí til og með september það ár veiddust einungis 12 bleikjur í gildurnar, en 127 laxar. Mest bleikjuveiðin var í júlí þegar fjórar bleikjur veiddust. Þessi framkvæmd var á sínum tíma gerð með samþykki þar tilbærra yfirvalda. Núverandi framkvæmd er svipaðs eðlis nema för flatfiska úr vatninu er ekki stöðvuð. Stíflan hefur þannig ekki áhrif á skilyrði bleikjunnar, nema til hins betra."



Eins og sjá má hér að ofan er þetta vel úthugað verkefni og verður vonandi að veruleika, vatninu okkar og bleikjunni til góðs, við kunnum Stakkavíkurmönnum bestu þakkir fyrir framtakið !!

Megið þið eiga góðar stundir í haust við Hlíðarvatn.

Kveðja

Hans Ólason form SVH

2/3 veltu í stangaveiði kemur frá Íslenskum stangaveiðimönnum, 1/3 frá erlendum. !

Ritstjórinn



Vorið er komið

Já vorið er víst komið - og þessi ákveðni aprílmánuður verður væntanlega mánuður sem flestir muna. Þetta verður finn kokteill af upphafi veiðitímabils og kosningum. Núna þegar einungis er "korter í kosningar" fara ýmis mál að fljóta af stað, það er væntanlega búið að draga fram höggsverðin í



öllum flokkum til að koma andstæðingum á kné, eða í það minnsta í vörn, þannig að hann geti ekki sótt fram. Hvernig fara svo kosningarnar? Hvaða litur verður á landslaginu að morgni 26. apríl nk.? Ekki ætla ég að svara því hér en það verður fróðlegt að fylgjast með framvindunni fyrstu dagana á eftir. Við skulum vona að "öldurótið" setjist í kjölfarið og framhaldið verði á þá vegu að sem flestir geti sætt sig við það. Þá vaknar að vísu sú spurning: Hverjir borga "strandið" þegar upp verður staðið? Verða það ekki sakleysingjarnir sem lítinn sem engan þátt tóku í "útrás og eyðslu"? Vonum ekki - aðrar leiðir verða að finnast.

Kveðja;
Ævar

Félagaskrá - uppfærsla

Á síðasta aðalfundi félagsins var þessi tillaga borin upp og samþykkt:

"Stjórn leggur til að félagsnúmeraskrá verði uppfærð að lokinni úthlutun og sölu veiðileyfa, þannig að öll númer færast fram og öllum eyðum í núverandi númeraröð eytt. Þannig gefi hæsta númer félagsmanns rétta mynd af fjölda meðlima í félaginu. Lagt er til að skráin verði eftirleiðis uppfærð á 3ja ára fresti."

Um þessar mundir ætti þessari uppfærslu að vera lokið, þannig að félagsmenn sjá væntanlega "nýtt" félaganúmer á þessu blaði.

Kveðja;
Stjórn SVH

*Í Vatnsdalsá hefur öllum laxi verið sleppt undanfarin ár;
um 20% af stofni árinna í dag er stórlax. !*

Fróðleikur um Veiðimál

Frá málþingi um veiðigæði á Íslandi; eins og menn muna birtum við í síðasta Agni erindi Árna Ísakssonar og nú er komið að úrdrætti úr fjórðu framsögu.

1. Er stangaveiði náttúruupplifun eða fíkn á uppsprengdu verði? Bjarni Júlíusson fyrrverandi form SVFR frá sjónarhóli veiðimannsins.

2. Mikilvægi veiðihlunninda og verðlagning þeirra. Verðmæti til framtíðar eða tímabundinn fengur? Óðinn Sigþórsson formaður Landsambands veiðifélaga

3. Lagalegt umhverfi veiðimála hér á landi, þáttur í eflingu veiðihlunninda. Árni Ísaksson forstöðumaður Lax-og silungsveiðisviðs Fiskistofu

4. Líffræðilegar forsendur veiðinýtingar og veiðistjórnunar. Liggur framtíðin í fluguveiði til að veiða og sleppa eða hafbeitarveiði knúna af seiðasleppingum. Sigurður Már Einarsson deildarstjóri Veiðimálastofnunar

5. Þekking á vistfræði laxfiska hér á landi og færni við ýtingu þeirra. Hvað höfum við lært og hvað skortir á? Sigurður Guðjónsson forstjóri Veiðimálastofnunar

Fjórða framsaga; **Líffræðilegar forsendur veiðinýtingar og veiðistjórnunar. Liggur framtíðin í fluguveiði til að veiða og sleppa eða hafbeitarveiði knúna af seiðasleppingum.** Sigurður Már Einarsson deildarstjóri Veiðimálastofnunar.

Ljóst er að laxastofnum í Atlantshafi hefur hnignað mjög, m.a. vegna mengunar og eru þeir nú einungis um fjórðungur þess sem var. Á Íslandi nálgast fjöldi veiddra fiska 70.000 (ath! nærri tvöföld meðalveiði árána 1974 – 2000) og munar þar mikið um bæði hafbeit og veiða/sleppa. Netaveiði hefur dregist mikið saman samfara aukningu í stangaveiði. Hafbeit og seiðasleppingar hafa verið stundaðar lengi hér á landi, (hafbeitarstöðin í Kollafirði 1974) og með reynslunni hefur orðið til mikil sérþekking á þessu sviði auk þess sem hægt er að nota áður fisklausar (laxlausar) ár til veiða, t.d. Rangár, Skógá, Tungufljót, Norðlingafljót og Breiðdalsá, en í sumum þeirra var áður bleikja s.s. Breiðdalsá. Lætur nærri að um einnig hálfri miljón seiða sé sleppt árlega! Reynslan sýnir að sleppingar eru að skila að jafnaði um 5 – 10 % af veiði, hámark 20% og heimtur eru litlar eða um 0,5 – 3,5 %, en það ræðst af stærstum hluta af aðstæðum í sjó, en einnig eru gæði seiða orðin meiri. Sjálbær veiði byggist hins vegar á því að veiða ekki meira en sem nemur því sem áin framleiðir umfram þann stofn sem hún þarf til að viðhalda stofninum.

Í Víðidalsá er hlutfall stórlaxa einungis 4 - 5% af stofni árinna. !

Fróðleikur um Veiðimál framh.

Ofveiði getur hinsvegar leitt til mjög hraðs falls stofnsins sem getur reynst afar erfitt að byggja upp aftur. Uppbygging ár getur verið með ýmsu móti s.s. takmarkaður stangafjöldi, kvóti á veiddum fiskum, stytta veiðitíma, svæðalokun og veiða og sleppa. Framleiðsla seiða er á bilinu 2 – 10 gönguseiði á hverja 100m² í ánni og veiddir laxar eru á bilinu 2 – 60 á hektara (10.000m²) í ánni. Framtíðarsýnin er að fækka stöngum og sjálfbær veiði byggð á reynslu og þekkingu ásamt lágmarkun mannlegra mistaka við ræktun fiskvega.

*Samantekt
Hans Ólason*

“Flækingar á ferð”

Síðastliðið haust sáust tveir óþekktir fuglar við Hlíðarvatn.

Við nánari skoðun kom það í ljós að þetta voru Flatnefir sem þessi vegfarandi sem ég veit ekki hver er sá á leið sinni framhjá vatninu okkar. Flatnefir eru samkvæmt fuglabókinni fuglar Íslands og Evrópu flækingar í Norður- og miðevrópu, hafa þó orpið í Danmörku, Tékkoslavíu og Portúgal. Myndirnar sem fylgja eru teknar við Sandgerði af ljósmyndaranum Yann Kolbeinssyni.

Kveðja; Ásmundur Ársælsson



Veiðimenn verndum stórlaxinn á Íslandi og sleppum öllum laxi 70 cm og stærri, látum náttúruna njóta vafans. !

Lokahóf SVH 2009

“kvöldið fyrir sumardaginn fyrsta”

Einn af föstu “vorboðunum ljúfu” er lokhóf SVH.

Það verður haldið miðvikudaginn 22. apríl.

Að vanda verður mikið fjör og happadrættið verður á sínum stað.

Dagur: 22. apríl.

Mæting: 20:00 (ATH það er skyldumæting)

Staður: Flatahraun 29

Við fáum að sjálfsögðu góðan gest, en að þessu sinni er það Magnús Jóhannesson frá Suðurlandsdeild Veiðimálastofnunar. Meðal þess sem hann mun segja frá er “vággesturinn” flundran sem farin er að finnast í Hlíðarvatni.



Hér að ofan: Myndir frá síðasta lokahófi.

Sú vinstri, sérstakt “kvennahappadrætti” var einn af viðburðunum.

Sú hægri, vinningarnir “hlóðust” upp hjá einhverjum heppnum.

Hreinsunarhelgi við Hlíðarvatn

Næsti - og einn af bestu vorboðunum er hreinsunarhelgin við Hlíðarvatn.

Núna er það helgin **25. og 26. apríl.**

Ekki stendur til að fara í neinar stórframkvæmdir þetta árið. Stöðluð hreinsun eins og áður. Dyttu þarf að einhverju smávægilegu eins og ávallt fyrir veiðitímabilið. Kjötsúpan fræga verður að sjálfsögðu í boði. Svo er hægt að skella sér í örlitla veiði.


Við hvetjum að sjálfsögðu alla til að mæta og taka þátt, því eins og áður, "*margar hendur vinna létt verk*".

Myndirnar hér eru allar frá síðustu hreinsunarhelgi, 2008:

Til hægri: *Fáninn blakti í blíðuveðri þessa helgi*

Neðri til vinstri: *Það veiddust um 50 fiskar síðustu hreinsunarhelgi hjá meðlimum SVH, þarna er mynd af tveim þeirra*

Neðri til hægri: *Algjört logn við Hlíðarvatn, ekki mjög algengt svona seinnipartinn í apríl, en þetta var stundum svona þessa ágætis helgi.*





Öll óseld veiðileyfi SVH eru farin á
www.leyfi.is

Þessi síða er laus fyrir auglýsingar
Upplýsingar fást hjá stjorn@svh.is

Hægt er að fá hinn glæsilega sal félagsins leigðan.
Upplýsingar veitir: Sigríður s: 5653602 eða 8923037

